



GRUNNSKÓLINN
Í ÞORLÁKSHÖFN

Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2020-2021

„Að eiga góða vini og kennara og eiga skemmtilega tíma.“

Úr nemendakönnun Skólapúlsins í apríl 2021

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Innra mat í Grunnskólanum í Þorlákshöfn	5
2.1 Hversu vel stöndum við okkur?	6
2.2 Hvernig vitum við það?.....	6
2.3 Hvaða árangri viljum við ná?	6
2.4 Hvernig skal bregðast við?.....	6
2.5 Hvernig bætum við okkur?	6
2.6 Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?	7
3. Um skólann.....	7
3.1 Stefna skólans.....	7
4. Viðmið um árangur.....	8
5. Sjálfsmatsaðferðir	10
5.1 Umbótaáætlun skólaárið 2020-2021	10
5.2 Matstæki.....	12
5.2.1 Nemendakönnun í 1.-5. bekk	12
5.2.2 Nemendakönnun í 6.-10. bekk.....	13
5.2.3 Foreldrakönnun	14
5.3 Rýnt í niðurstöður prófa.....	14
5.4 Starfsmannasamtöl.....	19
5.5 Skólalæing nemenda	20
6. Sjálfsmat skóla – þriggja ára áætlun	20
6.1 Umbótaáætlun 2021-2022.....	23
7. Lokaorð	24

1. Inngangur

Skýrslunni sem hér fer á eftir er ætlað að gera grein fyrir innra mati Grunnskólans í Þorlákshöfn. Skipulag innra mats byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008)

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir sem kallast innra mat eða sjálfsmat. Hins vegar er um að ræða ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.

Ytra mat fór fram í nóvember 2018 á vegum Menntamálastofnunnar en matið er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Matinu er ætlað að vera í senn leiðbeinandi og framfaramiðað. Sérstaklega var hugað að því sem er framúrskarandi gott og öðrum til eftirbreytni en einnig var matið umbótamiðað og hugsað til að styrkja skólastarfið. Fjórir efnisþættir voru skoðaðir í ytra matinu, einn þeirra er hvernig staðið er að innra mati skólans. Í ljós kom að bæta þarf innra mat skólans til þess að það standist lög og þjóni tilgangi sínum. (Sjá Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats 2019). Vinna hófst strax við að bæta innra mat skólans og stendur enn.

Í þessari skýrslu er lýsing á því mati sem fór fram skólaárið 2020-2021. Í skýrslunni er farið yfir markmið matsins, niðurstöður og hvernig unnið var með þær upplýsingar sem aflað var. Niðurstöðum kannana og samtala verða gerð skil í þessari skýrslu. Að lokum er birt þriggja ára áætlun sjálfmats skólans.

2. Innra mat í Grunnskólanum í Þorlákshöfn

Samkvæmt grunnskólalögum er það hvers skóla að velja þær aðferðir sem notaðar eru við innra mat en matið þarf að lúta að eftirfarandi viðmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá. Innra mat þarf að vera kerfisbundið, markmiðsbundið, samstarfsmiðað, samofið öllu skólastarfi, byggt á traustum gögnum, greinandi og umbótamiðað.

Innra mat er ferli sem sífellt er endurtekið. Helstu skrefin í ferlinu eru:

1. Skipulagning matsins.
2. Gagnaöflun samkvæmt áætlunum.
3. Greining gagna, mat lagt á niðurstöður.
4. Niðurstöður teknar saman í stutta greinargerð.
5. Umbótaáætlun gerð og framkvæmd, umbótum fylgt eftir og þær metnar.

Ferlið er sett upp í hring til að sýna að matið er viðvarandi verkefni, því lýkur í raun aldrei þó að eins konar uppgjör með niðurstöðum og umbótaáætlun verði til árlega.



Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Markmiðið með sjálfsmatinu er að skoða þær upplýsingar sem koma frá ólíkum hópum skólasamfélagsins, rýna í þær með

umbætur í huga. Skoða hvað er gert vel og hvað þarf að bæta. Eftirfarandi spurningar eru gagnlegar í vinnu við sjálfsmat:

2.1 Hversu vel stöndum við okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu og formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirbyggjandi og ritun sjálfsmatsskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans, kynnt fræðslunefnd og á starfsmannafundi.

2.2 Hvernig vitum við það?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda. Þessar niðurstöður eru greindar jafn óðum og þær berast og eru lykilatriði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrslu. Á grunni niðurstaðna eru ákvarðanir um umbætur teknar.

2.3 Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmið eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

2.4 Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætlun er kynnt fræðslunefnd.

2.5 Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgis með framvindu mála.

2.6 Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokapáttur sjálfmatshringsins er reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðaskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

3. Um skólann

Skólalald hófst í Þorlákshöfn haustið 1956 þegar sett var á stofn útibú frá skólanum í Hveragerði en Þorlákshöfn var gerð að sérstöku skólahéraði 1962. Sögu skólans er að finna í skólanámskrá.

Grunnskólinn í Þorlákshöfn er heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. – 10. bekk. Skólaárið 2020-2021 voru 270 nemendur skráðir í skólann, 14-29 nemendur í hverjum árgangi. Skólastjóri er Ólína Þorleifsdóttir og aðstoðarskólustjóri Jónína Magnúsdóttir. Deildarstjóri sérkennslu er Ragnhildur Þorsteinsdóttir og tölvuumsjónarmaður er Ingvar Jónsson.

Skólaárið 2020-2021 sátu eftirtaldir kennarar í sjálfsmatsteymi skólans; Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ragnheiður María Hannesdóttir og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólustjóri, sem stýrði vinnu teymisins. Teymið fundaði tvisvar sinnum yfir skólaárið.

3.1 Stefna skólans

Leitast skal við, eins og hægt er, að samræma leiðir í samskiptum en góð samskipti eru undirstaða vellíðanar á vinnustað nemenda og starfsfólks. Skólinn er vinnustaður og býr ungt fólk undir framtíð sem er í örri þróun. Einkunnarorð skólans endurspeglar þá stefnu sem er höfð að leiðarljósi í skólanum en þau eru **vinátta, virðing og velgengni**.

Haustið 2018 hófst innleiðing uppeldisstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar. Meginatriði stefnunnar er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga (Restitution – Self Discipline) er eins og nafnið bendir til, aðferð við að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Fundin er leið til að láta skólustarf ganga betur með þá vitneskju að leiðarljósi að hver og einn geti aðeins stjórnað sjálfum sér og ekki öðrum. Nemendur fá tækifæri og þjálfun í að líta inn á við, skoða eigið gildismat og láta það stýra framkomu sinni og hegðun allri. Áhersla er á að efla

félags- og siðgæðisvitund, virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Til að tryggja öryggi eru skýr mörk skilgreind um óásættanlega hegðun.

Grunnskólinn í Þorlákshöfn hefur sett sér stefnu um fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám og fjölbreytt námsmat. Lögð er áhersla á að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og fjölbreytt námsumhverfi, bæði við framkvæmd kennslunnar og í skólaþróun. Fjölbreyttir og skapandi starfshættir eru hafðir að leiðarljósi, þar sem nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði, sjálfstæði í námi og að bæta árangur sinn. Fjölbreyttar kennsluaðferðir koma til móts við nemendur á þann veg að sterkar hliðar hvers nemanda nýtast og fjölbreytt námsumhverfi gefur færi á að nemendur njóti sín í umhverfi sem hentar mismunandi námsstíl. Kennslan byggist á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Það gerir kröfur um að kennarar og nemendur leggi sig fram um að kynnast, meti stöðu námsins og hafi foreldra/forráðamenn með í ráðum um þau markmið sem stefnt skal að hverju sinni. Stefnt er að því að nemendur geti sjálfir haft áhrif á nám sitt t.d. í gegnum virkt leiðsagnarmat.

Nám í grunnskóla tekur mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins. Hafa skal í huga lykilhæfni og hæfniviðmið við skipulag skólastarfs, auka hæfni nemenda sem felur í sér yfirsýn og getu til að nýta þekkingu og leikni. Grunnþættir menntunar skipa veglegan sess í námi og starfsháttum skólans. Við allt skipulag skólastarfs og kennslu ber að leggja þessi atriði til grundvallar.

Lögð er áhersla á að auðga upplýsinga- og tæknimennt sem er samþætt öllum námsgreinum. Mikilvægt er að nemendur kynnist tækni og aðferðum við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga á þverfaglegan hátt.

Mikil áhersla er lögð á að nemendur kynnist mismunandi vinnulagi á skólagöngu sinni, læri að tjá sig við mismunandi aðstæður og nota til þess gagnrýna og skapandi hugsun. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir í náminu, noti samræður, sýni frumkvæði og fái tækifæri til að meta námsstöðu sína og framfarir. Til þess að svo megi verða þurfa nemendur að kunna að vinna saman, nýta upplýsingar á fjölbreyttan hátt og miðla þeim til annarra. Þannig öðlast þeir reynslu og ættu því að geta gert sér betur grein fyrir því hvaða aðferðir henta þeim hverju sinni.

4. Viðmið um árangur

Skólar hafa ákveðið frelsi í sínu innra mati en matið þarf þó að lúta ákveðnum viðmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá. Eins og fram hefur komið þarf innra mat að vera kerfisbundið, markmiðsbundið, samstarfsmiðað, samofið öllu skólastarfi, byggt á traustum gögnum, greinandi og umbótamiðað.

Með innra mati er metið hvernig gengur að ná þeim markmiðum og þeirri stefnu sem fram kemur í skólanámskrá ásamt því sem fram kemur í skólastefnu Ölfus. Einnig er árangur nemenda úr samræmdum prófum á landsvísu nýttur sem viðmið, einnig meðaltöl úr viðhorfakönnunum Skólapulssins og Lesfimiþrófum Menntamálastofnunar. Sjálfsmat Grunnskólans í Þorlákshöfn er kerfisbundið því það er skipulagt fyrirfram. Matskerfi skólans er lýst í skólanámskrá og viðfangsefni hvers skólaárs er tilgreint í starfsáætlun.

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn er markvisst unnið að því að bæta námsárangur nemenda og viðhalda framförum til lengri tíma. Nám er nemendamiðað og á hverjum tíma er unnið með leiðsagnarmat það er að nemendur fá að vita hvaða leiðir þeir geta farið í vinnu sinni til að bæta námsárangur.

Samræmd próf voru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk með hefðbundnum hætti haustið 2020. Þegar niðurstöður lágu fyrir var farið yfir þær. Deildarstjóri stoðþjónustu og skólastjóri funduðu í kjölfarið með kennurum sem bera ábyrgð á kennslunni. Þar var farið yfir námsþættina, hvort leggja þurfi áherslu á ákveðinn þátt í kennslunni, hvort funda þurfi með foreldrum ákveðinna barna, hvort einstaka nemendur þurfi greiningu á námserfiðleikum eða stuðning við námið. Aðgerðir í kjölfar samræmdra prófa miðast við að auka gæði kennslunnar, finna út hvort einhver þurfi sérstaka aðstoð eða greiningu í þeim tilgangi að mæta nemendum svo þeir geti bætt árangur sinn.

Fyrirlögn samræmdra prófa í 9. bekk fór öðruvísi en ætlað var. Við fyrirlögn fyrsta prófsins, íslenskuprófsins kom upp villa í hugbúnaði sem varð til þess að ekki tókst að nýta niðurstöður prófanna. Jafnframt fengu nemendur í framhaldinu val um það hvort þeir tækju fleiri samræmd próf þetta vorið. Þrír nemendur okkar þreyttu samræmd próf í ensku og stærðfræði. Það var því ekki hægt að vinna með niðurstöður prófanna á landsvísu eins og ætlað var.

Í læsisstefnu Sveitarfélagsins Ölfuss, sem er á heimasíðu skólans, er mörkuð stefna varðandi lestrarkennslu. Þar er einnig farið yfir þær skimanir sem lagðar eru fyrir í hverjum árgangi. Skimanirnar lúta að orðaforða, lestri, málþroska, stærðfræðipækkingu o.fl. Tilgangur skimana er að meta skipulega alla skólagönguna og beita snemmtækri íhlutun til að finna nemendur sem eru í áhættu varðandi námserfiðleika. Sérkennarar eða þeir sem leggja skimanir fyrir kynna niðurstöður fyrir kennurum og leiðir til viðeigandi íhlutunar. Áhersla er lögð á að finna leiðir í kennslunni til að bæta árangur nemenda.

Lesferill er matstæki sem unnið var af læsisteymi Menntamálastofnunar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Lesferill er lagður fyrir í öllum árgöngum þrisvar á hverju skólaári. Niðurstöður eru kynntar nemendum og foreldrum. Hægt er að fylgjast

með framförum hvers barns á hverju skólaári. Lögð er áhersla á framfarir og leiðir sem nemendur geta nýtt sér og því er lagt kapp á viðbrögð í takt við niðurstöður hvers og eins.

Í daglegu starfi er gagna aflað í innra mat og nær það til allra þátta skólastarfsins. Nemendur, foreldrar og starfsfólk koma að framkvæmd matsins. Til þessara hópa er leitað við öflun gagna og þess gætt að helstu niðurstöður mats og áætlanir um umbætur séu aðgengilegar öllum. Jafnóðum og niðurstöður úr gögnum verða til þarf að greina styrkleika og þá þætti sem þarfnast umbóta. Nú sér fyrir endann á vinnu samkvæmt umbótaáætlun sem var gerð í kjölfar ytra mats 2018.

5. Sjálfsmatsaðferðir

Hér er lýst aðferðum við mat á árangri skólastarfsins. Aðferðirnar eiga að vera greinandi og byggja á sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá, viðhorfskönnunum sem hafa verið lagðar fyrir foreldra, nemendur og starfsmenn, niðurstöðum prófa, starfsmannasamtala og tölfræðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Innra mat er unnið á forsendum skólans, stuðst er við ytra mat yfirvalda og utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat ætti að auka trúverðugleika og stuðla að umbótum á því sem metið er.

5.1 Umbótaáætlun skólaárið 2020-2021

Umbótaáætlunin fyrir skólaárið 2019-2020 var framlengd til skólaársins 2020-2021. Hún byggir á niðurstöðum ytra mats (YM) á vegum Menntamálastofnunar í nóvember 2018 og innra mats skólans sem fór fram skólaárið 2019-2020.

Hvað á að gera og hvernig?	Hvenær	Ábyrgð	Mat á umbótum
Sjálfsmatsteymið setji fram þriggja ára áætlun um innra mat og byggji matsþætti á stefnu skólans, markmiðum og viðfangsefnum. Tilgreina leiðir, verkefni, verkferla og áætlanir. Endurskoða reglulega aðferðir við innra mat og tryggja aðkomu hagsmunaaðila að framkvæmd þess. (YM)	Skólaárið 2019-2020	Sjálfsmatsteymið	Lokið

Hvað á að gera og hvernig?	Hvenær	Ábyrgð	Mat á umbótum
Setja fram viðmið um árangur sem stefnt skuli að í skólastarfinu. Byggja skal á niðurstöðum kannanna t.d. Skólapúlsins, samræmdra prófa og skimana þegar sett eru fram markmið um viðmið. Mikilvægt að skoða reglulega hvaða markmið hafa náðst og hvað gert skuli til þess að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst. (YM)	Skólaárið 2019-2020	Sjálfsmatsteymið	Lokið. Sjá þessa sjálfsmatsskýrslu
Reglulegt mat á kennslu fari fram að hálfu skólastjórnenda. Mikilvægt að matið verði formlegt og skipulagt. Jafningjamat og handleiðsla sett á dagskrá. (YM)	Skólaárið 2019-2020 fóru stjórnendur af stað með innlit í kennslu. Farsóttin Covid 19 hefur komið í veg fyrir markvissa vinnu.	Skólastjórnendur	Lýkur ekki
Auka faglegt samstarf þeirra sem sinna kennslu og samtal milli aldurstiga. Efla samstarf á milli vinabekkja eða árganga. Mikilvægt að skipuleggja samstarfið með góðum fyrirvara.	Farsóttin Covid 19 hefur komið í veg fyrir markvissa vinnu sl. misseri.	Skólastjórnendur, tengiliðir stiga og kennarar.	Ólokið
Fræðsla fyrir nemendur og foreldra um samskipti og fjölbreytileika verði komið fyrir í forvarnaráætlun skólans í þeim tilgangi að efla umburðarlyndi, umhyggju og samvinnu foreldra. Ákveða verkefni t.d. í 2., 5. og 8. bekk varðandi aðkallandi mál.	Farsóttin Covid 19 hefur komið í veg fyrir markvissa vinnu sl. misseri.	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar	Ólokið

Hvað á að gera og hvernig?	Hvenær	Ábyrgð	Mat á umbótum
Umsjónarkennari eigi einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem áhersla er á líðan og samskipti.	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar í samvinnu við skólastjórnendur.	Lýkur ekki.
Bæta gæslu í búningaklefum í íþróttahúsi og sundlaug. Stjórnendur skóla og íþróttahúss finni út leið til þess.	Skólaárið 2019-2020 og 2020-2021	Skólastjórnendur	Lýkur ekki.
Skólinn hafi frumkvæði að hvatningu um heilbriggt lífverni í samfélaginu. Leggja áherslu á fræðslu um hreyfingu, svefn og hollt mataræði fyrir alla í samfélaginu. Liður í því er að frístundastyrkur sveitarfélagsins verði kynntur fyrir nýjum foreldrum og fá íþróttafélög til þess að kynna sitt starf.	Í ár og sl. skólaár bauð skólinn upp á fjölbreyttari hreyfingu í vali en hingað til. Þetta virðist skila sér ef marka má niðurstöður nemendakönnunar.	Skólastjórnendur og skólahjúkrunarfræðingur	Ólokið

5.2 Matstæki

Viðhorfskannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir alla nemendur á hverju ári. Foreldra og starfsmenn svara könnun annað hvert ár. Niðurstöður nemendakönnana eru birtar á heimasíðu skólans en niðurstöður foreldrakönnunar eru birtar foreldrum og niðurstöður starfsmannakönnunar er birtar starfsmönnum.

5.2.1 Nemendakönnun í 1.-5. bekk

Nemendakönnun sem lögð var fyrir nemendur 1.-5. bekk í apríl. Niðurstöðurnar lág fyrir í byrjun maí 2021 og eru að finna á slóðinni https://www.olfus.is/static/files/nemendak_1-5b_2020-2021.pdf

5.2.2 Nemendakönnun í 6.-10. bekk

Allir nemendur í 6.-10. bekk svara viðhorfskönnun árlega. Þriðjungur nemenda svarar könnuninni í hverri fyrirlögn þ.e. í september, desember og mars. Á fundi kennara sem haldinn var um niðurstöður frá úrtakinu í september var ákveðið að veita viðbrögð því niðurstöðurnar veittu vísbendingar um aukna tíðni eineltis. Um var að ræða töluverða breytingu til hins verra og því mikilvægt að bregðast strax við. Ákveðið var að kennarar taki upp umræðu um einelti, skilgreiningu þess og áhrif í lífsleiknitímum og að skólastjóri ásamt náms- og starfsráðgjafa kynntu niðurstöður könnunarinnar fyrir nemendum.

Heimsóknun í bekkina var lokið í byrjun nóvember þar sem nemendum voru kynntar helstu niðurstöður og rætt um aðgerðir til að sporna við einelti. Í framhaldinu var gæsla aukin töluvert á göngum skólans í frímínútum

Í byrjun júní 2021 lágu endanlegar niðurstöður nemendakönnunarinnar fyrir því þá höfðu nánast allir nemendur í 6.-10. bekk tekið þátt. Niðurstöðurnar eru athyglisverðar þar sem um jákvæðan marktækan mun er að ræða í nokkrum tilvikum þegar niðurstöður skólans eru bornar saman við landið. Fyrst ber að nefna matsþátt 1.4. í könnuninni sem er Ánægja af náttúrufræði. Mismunur á niðurstöðum okkar skóla og landsmeðaltali er jákvæður um 0,8 og einnig feitiletruð og stjörnumerkt. Stjörnumerktar feitiletraðar tölur merkja að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölufræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhósins og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,4	109	-0,2	4,5	17.501	-0,1
1.2. Þrautseigja í námi	4,7	111	-0,0	4,6	17.611	0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,8	111	-0,1	4,8	17.865	0,0
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,5	111	-0,0	4,7	17.839	0,8*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,6	111	-0,0	4,5	17.587	0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,7	111	0,4	4,5	17.806	0,2

Endanlegar niðurstöður könnunarinnar er að finna á slóðinni https://www.olfus.is/static/files/nemendak_6-10b_2020-2021.pdf

5.2.3 Foreldrakönnun

Í febrúar fór fram viðhorfakönnun á meðal foreldra. Niðurstöðurnar lágu fyrir 3. mars og komu fremur vel út því samkvæmt þeim eru flestir foreldra ánægðir með skólafárið. Foreldrum var bent á niðurstöðurnar með tölvupósti sem er að finna á slóðinni <https://www.olfus.is/static/files/nidurstodur-foreldrakonnunar-1-.pdf>

5.3 Rýnt í niðurstöður prófa


Fyrirlögn samræmdra prófa í 9. bekk fór á annan veg en til stóð. Tæknilegir örðugleikar komu upp við fyrirlögn fyrsta prófsins sem varð til þess að hluti nemenda í landinu gat ekki lokið við prófið sem var íslenska. Allir nemendur okkar náðu að taka íslenskuprófið og stóð einkunnin sem kom út úr því.

Menntamálastofnun tók þá ákvörðun í kjölfarið að nemendur í landinu fengju að velja hvort þeir tækju samræmd próf í stærðfærði og ensku. Þrír nemendur okkar völdu að taka próf í stærðfræði og ensku.


Niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk

Niðurstöður samræmdra prófa lágu fyrir í fyrstu viku nóvember 2020. Haldnir voru fundir með kennurum bekkjanna til þess að rýna í niðurstöðurnar. Litið er til þess hvernig niðurstöður skólans eru í samanburði við allt landið, hvernig einstaka námsþættir komu út og ekki síst frammistaða hvers og eins nemenda svo leita megi leiða til að aðstoða þá sem á þurfa að halda. Gengi nemenda sem mælast með árangur undir landsmeðaltali eru skoðað sérstaklega. Ef ekki liggja fyrir skýringar þá er t.d. brugðist við með greiningum á lestrarvanda og eða sérstakri stuðningskennslu. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk eru settar fram í töflum hér fyrir neðan.


Hæfnieinkunnahlutföll
Íslenskuhluti
4. árgangur
Grunnskólinn í Þorlákshöfn, sept. 2020



Hæfnieinkunnahlutföll
Stærðfræðihluti
4. árgangur
Grunnskólinn í Þorlákshöfn, sept. 2020





Flokkun raðeinkunnna
4. árgangur
Grunnskólinn í Þorlákshöfn, sept. 2020



Niðurstöður samræmdra prófa í 7. bekk

Sami háttur er hafður á með að rýna niðurstöður 7. bekkjar prófanna. Til viðbótar eru þær skoðaðar með fyrri niðurstöður í huga til þess að fylgjast með framförum hvers nemanda. Ef framfarir láta á sér standa er mikilvægt að finna viðeigandi viðbrögð. Æfingaleyfi í lestri getur verið ein ástæða þess að nemendur taka ekki framförum og þarf að rýna í niðurstöður lesferilsprófa samhliða. Hér fyrir neðan eru tölur með samantekt á árangri nemenda í 7. bekk. Tákn litanna eru útskýrð hér fyrir neðan.






Niðurstöður Lesferils 2021

Allir nemendur í 1.-10. bekk taka lesfimiþróf þrisvar sinnum yfir skólaárið í september, janúar og í maí. Niðurstöður eru færðar inn í Skólagátt Menntamálastofnunnar sem heldur utan um niðurstöður fyrir skóla landsins. Einnig eru niðurstöður færðar inn í Mentor.


Þeir nemendur sem koma undir viðmiðum þurfa frekari lestrarþjálfun í skóla sem og heima. Árangur skólans miða við landið er í meðaltali.

Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður Lesferils 2021 túlkaðar á tvönnan hátt við lok skólaárs. Allir árgangar Grunnskólans í Þorlákshöfn eru í meðaltali eða yfir, nema 4. bekkur sem er aðeins undir meðaltali.



Eins og sjá má á litum í súlunum hér fyrir neðan eru hlutfallslega flestir nemendur í 6.,7. og 8.bekk undir viðmiðum en í 10.bekk eru hlutfallslega flestir nemendur yfir viðmiði þrjú.

Staða nemenda sem eru undir ásættanlegum viðmiðum er grandskoðuð. Vandi þeirra er greindur af sérkennara og viðeigandi viðbrögð valin í samráði við foreldra t.d. stuðningskennsla, hraðlestrarnámskeið, aukinn heimalestur o.fl.



Úrvinnsla kennara

Á starfsdögum í júní 2021 fóru kennarar yfir niðurstöður nemendakannana og niðurstöður Lesferils 2021 á stigsfundum. Kennarar skoðuðu gögnin með það fyrir augum að svara spurningunum: Höfum við gert það sem við ætluðum að gera? Ef ekki, hvernig skal bregðast við?

Niðurstöður kennara á yngsta stigi eru eftirfarandi:

- Við erum frekar ánægðar með niðurstöður lesferils, þá sérstaklega á yngsta stigi.
- Við erum sammála um að það megi ekki hætta að láta börn lesa fyrir kennara þótt þau séu komin á miðstigi. Það þarf ekki að gerast oft í viku en það má ekki sleppa því.
- Við teljum okkur hafa reynt eftir bestu getu að framfylgja læsisstefnu skólans, miðað við aðstæður.
- Samfélagslegar aðstæður geta endurspeglad líðan í skóla. Það bera allir starfmenn ábyrgð á líðan barnanna og við reynum öll að hjálpast að við að passa að þeim líði vel í skólanum.

Kennarar á miðstigi skráðu hjá sér eftirtalda niðurstöður:

- Jákvætt að tíðni hreyfingar er að aukast og erum að standa okkur vel í mjög mörgum öðrum þáttum.
- Tíðni eineltis og sjálfsálits tengjast: efla sjálfstyrkingu með t.d. hópefli, smærri hópar, náms- og starfsráðgjafi er frábær og nauðsynleg viðbót en þarf að auka starfshlutfall svo að nemendur hafi

betri aðgang því hann er þarfur. Nemendur þurfa aukinn tíma til að geta droppað inn hjá náms- og starfsráðgjafa.

- Valgreinasmiðjur virka mjög jákvætt, fjölbreyttar og flestar eru þær góðar
- Efla strákana okkar, styrkja þá og athuga sérstaklega 6. og 8.bekk
- Efla gæslu í búningsskolefna í sundi og íþróttum hjá mið- og unglíngastígi.

Kennarar á unglíngastígi komust að eftirfarandi niðurstöðu:

- Við teljum að daglegur lestur sé hluti af þeim góða árangri sem hefur náðst í lesfími á stíginu. Það var ekki gert á árum áður en við vitum ekki hvar við stóðum þá. Miðað við landið er staða skólans góð. Það er mikilvægt að nemendur á unglíngastígi fái að lesa það sem þeir hafa áhuga á. Einnig finnst okkur að ekki eigi að hengja verkefni eða skráningu heimalesturs við lesturinn því það getur dregið úr áhuga nemenda og skapað óþarfa vanlíðan. Okkur finnst vanta stuttar sögur fyrir drengi. Þeir hafa gaman af að lesa t.d. Skúla Skelfi en svo myndast eitthvað bil eftir þær bækur. Okkar mat er að strákar nenni ekki að lesa þykkar bækur. Við erum með tillögu fyrir næsta skólaár. Við viljum láta setja saman tvo hópa nemenda til þess að ræða hvað við getum gert til að auka ánægju af lestri. Annar hópurinn samanstendur af stelpum og kvk. starfsmann og hinn af strákum og kk. starfsmanni. Þurfum við mögulega að hjálpa strákunum að velja bækur til að lesa? Ættum við að breyta því hvenær dagsins við látum nemendur lesa í skólanum?
- Okkur finnst við þurfa að skoða hvernig við erum að vinna með strákana okkar. Erum við að senda þeim röng skilaboð? Við höfum verið að valdefla stelpurnar undanfarin ár en strákarnir okkar hafa gleymst. Við þurfum að auka sjálfstraust þeirra.
- Tillaga frá unglíngastígi: Að við hættum að meta lykilhæfni nemenda, þ.e. að kennarar meta ekki heldur meta nemendur sig sjálf og samtál um það mat fer svo fram í viðtali.
- Við höfum sett inn aukna hreyfingu í val nemenda á unglíngastígi sem við teljum vera mjög jákvætt.
- Þurfum að fara í reglubundna, öflugri vinnu vegna eineltis.
- Okkur finnst vanta umburðarlyndi og virðingu í samskiptum nemenda. Nemendur eru oft dónalegir við hvern annan. Mikil dómharka meðal nemenda og það vantar mildi og gleði. Ekki hlæja að einhverjum heldur með.
- Að lokum finnst okkur að það þurfi að skoða hvenær skólapúlsinn er lagður fyrir síðasta hópinn. Við sjáum að í maí eru flestar tölur niður á við.

5.4 Starfsmannasamtöl

Samtölin urðu tvö á þessu skólaári. Fyrri viðtal fór fram í nóvember og þá var lagt upp með samræður um starfsandann, samskipti á vinnustaðnum, tækifæri til vaxtar og starfsánægju. Seinna viðtalið fór fram í

mars/apríl og þá var lagt upp með umræður um styrkleika og hæfileika starfsmanna, nám og starfsþróun. Farið var yfir árangur starfsmanns, framtíðarsýn og verkefni næsta skólaárs.

Traust í samskiptum, jákvæð viðhorf, virðing, umburðalyndi og jafnræði byggja upp góðan starfsanda, sem er bæði á ábyrgð stjórnenda og starfsmanna að viðhalda. Sameiginlegt markmið starfsfólks og stjórnenda er að vinna stöðugt að því að bæta starfsumhverfið. Starfsmannasamtöl eru liður í starfsþróun á vinnustað. Þeim er ætlað að leiða starfsmenn áfram í faglegri vinnu og að hjálpa þeim að ná betri árangri og starfsánægju. Í starfsmannasamtölum ræða stjórnendur og starfsmenn saman á opin og heiðarlegan hátt og reyna að leiða samtalið að sameiginlegri niðurstöðu sem unnið er með áfram. Samtalið er trúnaðarmál. Höfuðmarkmið þess eru umbætur, skýra það sem er óskýrt, leggja mat á hegðun okkar og frammistöðu og meta starfsþróunarmöguleika. Þar til gerðum eyðublöðum er ætlað að halda utan um þessi samskipti og vera starfsmönnum og stjórnendum leiðarvísir í ferlinu. Starfsmenn eru hvattir til að skoða eyðublöðin vel og fylla þau út fyrir samtalið. Starfsþróunarþáttur samtalsins verður notaður til að vinna að símenntunaráætlun næsta skólaárs.

5.5 Skólaþing nemenda

Miðvikudaginn 17. mars 2021 var skólaþing nemenda í 6. - 10. bekk. Nemendur unnu saman í hópum þvert á aldur og veltu fyrir sér ýmsum spurningum um skólastarfið. Markmið skólaþings er að veita nemendum tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri samræðu um málefni sem hefur merkingu fyrir daglegt líf þeirra og skipulag skólastarfsins. Að efla vitund nemenda um eigin áhrif í skólastarfinu og fá fram sjónarmið nemenda í ýmsum málaflokkum. Margar góðar tillögur komu fram eins og til dæmis að auka fjármálafræðslu og kynfræðslu í skólanum. Nemendur lögðu einnig mikla áherslu á virðingu í samskiptum sín á milli og töldu marga geta bætt framkomu sína og umgengni. Þá gáfu nemendur starfsfólki ýmis ráð eins og að koma vel fram við alla og halda áfram að hlusta á nemendur. Nemendur voru ánægðir með margt í skólanum t.d. góða kennara, skemmtilegar valgreinar og góða aðstöðu.

6. Sjálfsmat skóla – þriggja ára áætlun

Hér fyrir neðan er verkáætlun til næstu þriggja ára um innra mat, þ.e. gagnasöfnun, matsumræða, matsákvæðanir og skýrslugerð. Matið hefur þann megintilgang að lyfta upp á yfirborðið því sem vel tekst til, að finna nauðsynleg umbótaverkefni og stuðla að skólaþróun. Viðmið um árangur við matið er stefna skólans ásamt skólastefnu Ölfus auk læsisstefnu Bergheima og Grunnskólans í Þorlákshöfn.

Þriggja ára áætlun var gerð í takt við niðurstöður ytra mats 2018 en samkvæmt því þarf skólinn að setja fram þriggja ára áætlun um innra mat.

Mánuður		Verkefni	Ábyrgð	Skólaárið 2021-2022	Skólaárið 2022-2023	Skólaárið 2023-2024
Ágúst	•	<ul style="list-style-type: none"> Matsteymi sett saman. 	Skólastjóri			
September	•	<ul style="list-style-type: none"> Farið yfir þróunar og umbótaverkefni síðasta árs. Lesfimiþróf í 1.-10. bekk Stafaþekking í 1. bekk Tove Krogh teikniþróf í 1. bekk Samræmd könnunarþróf 4.-7. bekk 	Teymið Kennarar Kennarar Sérkennari Kennarar			
Október	•	<ul style="list-style-type: none"> Unnið að þróunar og umbótaverkefnum. Lesskilningur, Orðarún í 3.-8. bekk Stafsetning (Aston Index) í 2.-7. bekk Stafsetning GPR-14 í 9. bekk Talnalykill í 5. og 8. bekk Skólanámskrá og starfsáætlun kynnt og sett í umsagnarferli. Mats-, þróunar- og umbótaáætlun kynnt starfsfólki og skólaráði Nemendakönnun, Skólapúlsins. Lesferill lesskimun í 1. bekk. Stöðumat nemenda í öllum bekkjum fyrir samtalsdag. Starfsmannafundur með nýju starfsfólki. Starfsþróunarfundur með kennurum í hópum. 	Teymið og skólastjóri Kennarar Sérkennari Sérkennari Sérkennari Skólastjóri Teymið Teymið Kennarar Kennarar Aðst.sk.stjóri Kennarar			
Nóvember	•	<ul style="list-style-type: none"> Unnið að þróunar og umbótaverkefnum. Skólanámskrá og starfsáætlun lögð fram til staðfestingar í fræðsluráði. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk kynntar og unnið úr þeim. Framburðarskimun í 1. bekk Starfsmannasamtöl Vímuvarnarkönnun Rannsóknar og greiningar síðasta skólaárs kynnt. Niðurstöður nemendakönnunar kynntar fyrir starfsmönnum skólans. Talnalykill í 3. bekk 	Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri og kennarar Talmeinafr. Skólastjórnendur Sérkennari Teymið Sérkennari			
Desember	•	<ul style="list-style-type: none"> Unnið að þróunar og umbótaverkefnum. Innlit í kennslu og endurgjöf. 	Teymið Skólastjórnendur			

Janúar	•	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að þróunar og umbótaverkefnum. • Lesfimiþróf í 1.-10. bekk. • Innlit í kennslustundir og endurgjöf. • Nemendakönnun, Skólapúlsins. 	<p>Allir</p> <p>Kennarar Skólastjórnendur</p> <p>Sjálfsmatsteymið</p>			
Febrúar	•	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að þróunar og umbótaverkefnum. • Starfsmannasamtöl. • Innlit í kennslustundir og endurgjöf. • Nemendaráð kynnir niðurstöður Skólapúlsins fyrir nemendum 	<p>Allir</p> <p>Skólastjórnendur Skólastjórnendur</p> <p>Nemendaráð</p>			
Mars	•	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að þróunar og umbótaverkefnum. • Starfsmannasamtöl • Samræmd próf í 9. bekk. • Foreldrakönnun og starfsmannakönnun Skólapúlsinn til skiptis • Rýnihópar starfsmanna, niðurstöður teknar saman og kynntar. • Innlit í kennslustundir og endurgjöf. 	<p>Teymið</p> <p>Skólastjórnendur Kennarar</p> <p>Teymið</p> <p>Teymið</p> <p>Skólastjórnendur</p>			
Apríl	•	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að þróunar og umbótaverkefnum. • Niðurstöður úr samræmdum prófum í 9. bekk kynntar. • Lesskilningur, Orðarún 3.-8. bekkur. • Niðurstöður samræmdra prófa 9. bekkjar. 	<p>Teymið</p> <p>Teymið</p> <p>Teymið</p> <p>Kennarar</p>			
Mái	•	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið að þróunar og umbótaverkefnum. • Lesfimiþróf í 1.-10. bekk • Tove Krogh teikniþróf í 1. bekk • Nemendakönnun, Skólapúlsins. 	<p>Allir</p> <p>Kennarar Sérkennari</p> <p>Sjálfsmatsteymið</p>			
Júní		<ul style="list-style-type: none"> • Lokamat nemenda í öllum árgöngum. • Skólapúlsniðurstöður kynntar í skólaráði. • Niðurstöður starfsmannasamtala kynntar á starfsmannafundi. • Matsumræða starfsmannahóps og umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. • Innra mats-, þróunar- og umbótaáætlun yfirfarin og unnin. 	<p>Teymið</p> <p>Skólastjórnendur</p> <p>Skólastjórnendur</p> <p>Teymið</p>			

6.1 Umbótaáætlun 2021-2022

Umbótaáætlunin fyrir skólaárið 2021-2022 byggir á niðurstöðum sjálfsmats 2020-2021 ásamt nokkrum þáttum frá árinu þar áður sem ekki náðu fram að ganga.

Hvað á að gera og hvernig?	Hvenær	Markmið	Ábyrgð	Mat á umbótum
Umsjónarkennari eigi einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem áhersla er á líðan og samskipti.	Allt skólaárið	Bæta líðan og vinna gegn einelti. Efla tengsl kennara og nemenda	Umsjónarkennarar í samvinnu við skólastjórnendur.	Lýkur ekki.
Bæta gæslu í búningaklefum í íþróttahúsi og sundlaug. Stjórnendur skóla og íþróttahúss finni út leið til þess.	Skólaárið 2021-2022	Taka á samskiptavanda og vinna gegn einelti	Skólastjórnendur	Lýkur ekki.
Reglulegt mat á kennslu fari fram að hálfu skólastjórnenda. Mikilvægt að matið verði formlegt og skipulagt. Jafningjamat og handleiðsla sett á dagskrá. (YM)	Skólaárið 2019-2020 fóru stjórnendur af stað með innlit í kennslu. Farsóttin Covid 19 hefur komið í veg fyrir markvissa vinnu.	Samtal um kennsluhætti í þeim tilgangi að þróa og bæta kennsluhætti	Skólastjórnendur	Lýkur ekki
Sporna við einelti með öflugri reglulegri fræðslu og umfjöllun í öllum bekkjum. Leita þarf allra leiða til að halda einelti í skefjum og efla umburðalyndi, virðingu í samskiptum t.d. með hópefli. Vinna með félagsþroska og sjálfsmynd.	Reglulega	Vinna gegn einelti og bæta samskipti	Umsjónarkennarar	Lýkur ekki en staðan kemur fram í niðurstöðum Skólapúl síns.
Endurskoða skólareglurnar	Skólaárið 2021-2022	Samræma viðbrögð í agamálum	Skólastjórnendur	Við lok skólaárs
Leita leiða til að auka ánægju af lestri unglunga. Samráðshópur nem og kennara finni leiðir til að auka ánægju af lestri. Mögulega kynskipta hópa vegna ólíkra þarfa.	Skólaárið 2021-2022	Auka ánægju af lestri og bæta árangurinn	Skólastjórnendur og kennarar	Við lok skólaárs

7. Lokaorð

Þrátt fyrir heimsfaraldur COVID 19, tókst að mestu leyti að fylgja sjálfsmatsáætluninni. En vegna smitvarna voru færri fundir haldnir og minna um samvinnu á skólaárinu en til stóð.

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn er leitast við að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats/innra mats með áætlun um umbætur og framkvæmd þeirra. Greint er frá þessu ferli í skýrslu í þeim tilgangi að miðla til hagsmunaaðila. Tilgangur mats og umbóta er að þróa öflugt skólastarf til hagsbóta fyrir nemendur. Metnaður er greinilegur í hópi starfsmanna skólans, foreldra og nemenda. Skólasamfélagið í Þorlákshöfn byggir á öflugu fagfólki, foreldrum sem hafa trú á skólastarfinu og síðast en ekki síst fjölbreyttum og frábærum nemendahópi. Sveitarfélagið Ölfus hefur ávallt sýnt metnað við rekstur og uppbyggingu skólastarfs og leggur mikið upp úr góðum aðbúnaði skólans. Það endurspeglast í því að nemendur, starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með aðbúnaðinn.

22.06.2021

Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri.
Jónína Magnúsdóttir, aðstoðarskólastjóri.